

Mál nr. 2/2011

Ár 2011, mánudaginn 3. október, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík. Fyrir var tekið mál nr. 2/2011

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda X sem barst siðanefnd 22. febrúar 2011 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða Y hafi gerst brotleg við Grundvallarreglur fyrir félagsmenn HRFÍ með því að para saman tíkina XX og rakkann YY án þess að hundarnir hefðu gild augnvottorð og án þess að þeir hafi verið mjaðmamynndaðir. Hundarnir eru ekki í eigu kærðu Y en kærða Y er skráður ræktandi. Kæran var send kærðu Y til umsagnar með bréfi dags. 28. febrúar og henni gefinn andmælafrestur til 28. mars 2011. Kærða Y svaraði ekki innan tilskilins frests og var henni send ítrekun með bréfi dags. 30. mars og henni gefin viðbótarfrestur til 6. apríl. Kærða Y svaraði ekki ítrekun og var ákveðið að boða til sáttafundar og var sent fundarboð með ábyrgðarbréfi dags. 19. apríl og kærða Y boðuð á sáttafund 2. maí þar sem henni var gefinn kostur á símafundi þar sem hún býr utan höfuðborgarsvæðisins. Kærða Y svaraði ekki fundarboði og var haft samband við hana símleiðis og henni boðið að mæta á símafund sem hún þáði. Á fundinum reifuðu aðilar sjónarmið sín. Ekki náðust sættir og þar eð siðanefnd taldi að öll gögn og sjónarmið er máli kynnu að skipta væru fram komin ákvað hún að taka málið til úrskurðar.

II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 22. júlí 2010 var tíkin XX og rakkinn YY pöruð saman án þess að þau væru með gild augnvottorð né gildar mjaðmamyndir. Hundarnir eru af hundakyninu siberian husky. Hundarnir eru ekki í eigu kærðu Y en kærða Y er skráður ræktandi að gotinu. Kærandi X telur að með pöruninni hafi kærða Y brotið gegn Grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ. Á sáttafundi með kærðu Y kom fram að um slysgot var að ræða og kærða Y hafi ákveðið að skrá sig sem ræktanda að gotinu til þess að ábyrgðin væri hennar en ekki eigenda hundanna. Kærða Y gerði sér vel grein fyrir brotinu og er það ætlun hennar að hafa fullkomlega í heiðri lög og reglur félagsins þó svo að þessar aðstæður hafi gert hana brotlega.

II. Forsendur.

Samkvæmt Grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og í reglugerð um skráningu í ættbók, reglur sérdeilda varðandi undaneldisdýr segir um hundakynið siberian husky.

„Augnvottorð: Ræktunardýr skulu augnskoðuð fyrir pörun. Augnvottorð má ekki vera eldra en 12 mánaða við pörun undaneldishunda. Greinist hundur með staðfesta arfgenga starblindu cataract) skal hann skráður í ræktunarbann.

Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun (Gildir frá 01.03.2009).“

Óumdeilt er að á þeim tíma sem pörun átti sér stað var hvorugur hundanna með gilt augnvottorð né mjaðmamynd. Samkvæmt reglum sérdeilda er ljóst að við pörun hunda af

kyninu siberian husky skal augnskoðun hafa farið fram og má augnvottorð ekki vera eldra en 12 mánaða og hundarnir skulu vera mjaðmamyndaðir og niðurstaða kunn fyrir þörun. Eru þessi vottorð og myndir áskilin varðandi heilsufarsskoðun hundakynsins.

Hefur kærða Y því gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kemur þá til skoðunar hver séu hæfileg viðurlög við brotinu. Kærða Y hefur gefið þá skýringu að um slysgot hafi verið að ræða og að hún hafi ákveðið að skrá sig sem ræktanda til þess að taka ábyrgðina af eigendum hundanna enda er það alfarið á ábyrgð eigenda og/eða umráðamanna hundanna að þeir þarist ekki fyrir slysi. Kærða Y hefur gert sér fullkomlega grein fyrir því að þörunin var brot á reglum félagsins. Kærða Y hefur átt farsælan feril sem ræktandi innan félagsins utan þessarar einu þörunar og þykir siðanefnd því hæfileg refsing vera áminning.

Kærða Y telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ

Kærða er áminnt.

F.h. siðanefndar

Sign:

Herdís Hallmarsdóttir

Hilmar Sigurgíslason

Kristín Sveinbjarnardóttir